

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 644/2005****2010/EES/6/48**

frá 27. apríl 2005

**um leyfi fyrir sérstöku auðkenningarkerfi fyrir nautgripi sem eru haldnir í menningarlegum og sögulegum tilgangi á samþykktum stöðum eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 4. gr. og inngangssetningu og a-lið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1760/2000 er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á fót auðkenningarkerfi fyrir nautgripi sem samanstendur af nokkrum auðkenningar- og skráningarþáttum. Einkum er kveðið á um að öll dýr á bújörð, sem eru fædd eftir 31. desember 1997 eða ætluð til viðskipta innan Bandalagsins eftir 1. janúar 1998, og dýr á bújörðum í Tékklandi, Eistlandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Ungverjalandi, Möltu, Póllandi, Slóveníu og Slóvakíu, sem eru fædd fyrir aðildardag eða ætluð til viðskipta innan Bandalagsins eftir þann dag, skulu auðkennd með eyrnamerki á báðum eyrum sem lögbært yfirvald samþykkir, („samþykkt eyrnamerki“). Þar er einnig kveðið á um að á báðum eyrnamerkjum skuli vera sami sérstaki auðkenniskóðinn („sérstakur auðkenniskóði“) sem gerir kleift að auðkenna hvert dýr fyrir sig ásamt bújörðinni sem það var fætt á.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1760/2000 er einnig kveðið á um að heimilt sé að auðkenna nautgripi, sem ætlaðir eru til menningar- og íþróttaviðburða (að undanskildum kaupstefnum og sýningum) með auðkenningarkerfi, sem veitir jafngildar ábyrgðir og sem framkvæmdastjórnin heimilar, í stað eyrnamerkis.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2680/1999 frá 17. desember 1999 um að samþykkja mörkunarkerfi vegna nauta sem á að nota á menningar- og íþróttaviðburðum <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um ákvæði fyrir slík naut sem eru skráð í ættbækur tiltekinna samtaka. Þessi reglugerð gildir þó aðeins um tiltekin kyn nauta og um samtök í ákveðnum aðildarríkjum.

4) Því er rétt að samþykkja sérreglugerð til að koma á sérstöku auðkenningarkerfi fyrir dýr sem lögbært yfirvald viðurkennir að eru haldin vegna menningar- og sögulegra ástæðna („dýr“) á stöðum sem yfirvaldið hefur samþykkt í þessu skyni („staðir“).

5) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1760/2000 skal, með sérstaka auðkenningarkerfinu, einungis veita undanþágur frá því að setja á og fjarlægja samþykktu eyrnamerkin. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu annarra ákvæða reglugerðar (EB) nr. 1760/2000.

6) Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 er rétt að kveða á um að heimilt sé að fjarlægja samþykkt eyrnamerki án leyfis lögbærs yfirvalds, en undir eftirliti þess, eftir að dýrin eru flutt á staðinn og að ekki þurfi að setja slík eyrnamerki á dýr sem fædd eru á slíkum stöðum. Í báðum tilvikum verða dýrin að vera merkt með sérstöku auðkenningarkerfi. Samþykktu eyrnamerkin skal setja á dýr þegar þau eru flutt frá stöðunum eða þau skulu fylgja dýrunum ef þau eru flutt beint á aðra staði.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um Þróunar- og ábyrgðasjóð evrópsks landbúnaðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Viðfangsefni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um sérstakt auðkenningarkerfi fyrir dýr sem lögbært yfirvald samþykkir sem dýr sem eru haldin vegna menningar- og sögulegra ástæðna („dýr“) á stöðum sem yfirvaldið hefur samþykkt í þessu skyni („staðir“).

2. gr.

**Fjarlæging og ásetning eyrnamerkja sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000**

1. Umsjónarmaður dýra skal ávallt hafa í förum sínum tvö eyrnamerki sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 („samþykkt eyrnamerki“).

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 107, 28.4.2005, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 28.5.2009, p. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 326, 18.12.1999, bls. 16.

2. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 er heimilt, þegar dýrin eru flutt til staðarins, að fjarlægja samþykktu eyrnamerkin af dýrunum án leyfis lögbærs yfirvalds en undir eftirliti þess, að því tilskildu að eigi síðar en þegar eyrnamerkið er fjarlægt séu dýrin merkt með auðkennismerki sem lögbært yfirvald hefur valið eins og kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

3. Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 skal ekki skyldubundið að setja samþykktu eyrnamerkin á dýrin ef þau eru fædd á staðnum, að því tilskildu að dýrin séu merkt, eigi síðar en þegar samþykktu eyrnamerkin eru fjarlægð, með auðkennismerki sem lögbært yfirvald hefur valið eins og kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

4. Áður en dýrin fara af staðnum skal setja á þau samþykkt eyrnamerki. Ef dýrin eru flutt beint á aðra staði, sem um getur í 1. gr., í sama aðildarríki nægir að samþykktu eyrnamerkin fylgi dýrunum meðan á flutningi stendur.

3. gr.

#### **Auðkennismerki**

1. Dýrin skulu auðkennd með sérstökum auðkenniskóða sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 4. gr. reglugerðar

(EB) nr. 1760/2000. Kóðinn skal sjást á einu af eftirfarandi sem lögbært yfirvald ákveður:

- a) tveimur eyrnamerkjum úr plasti eða málmí,
- b) einu eyrnamerki úr plasti eða málmí ásamt brennimerkingu,
- c) húðflúri eða
- d) rafrænu auðkenni í vambarstaut.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur lögbært yfirvald ákveðið að auðkenna megi dýr með rafrænum auðkennum í formi merkissvara sem er stungið í dýrin að því tilskildu að dýr, sem auðkennd eru með þessum hætti, komist ekki inn í fæðukeðjuna.

4. gr.

#### **Sérstakur skrásetningakóði**

Lögbært yfirvald skal úthluta hverjum stað sérstökum skrásetningakóða. Kóðinn skal skráður í tölvuvæddan gagnagrunn hvers lands fyrir nautgripi sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*